


**HAFNARFJÖRÐUR**



## Samkomulag

Hafnarfjarðarbær og Vegagerðin gera með sér samkomulag um að Vegagerðin greiði helming kostnaðar við gerð ákveðinna hjólreiða- og göngustíga í Hafnarfirði.

Stígarnir, sem samkomulagið nær til, eru auðkenndir á meðfylgjandi uppdrætti dags. í desember 2012 og eru hluti af skipulögðu stofnstígakerfi Hafnarfjarðar og þar með höfuðborgarsvæðisins.

Hvor aðili um sig getur, í byrjun hvers árs, óskað eftir endurskoðun á því hvaða stígar falla undir samkomulagið.

Samkomulagið byggir á 27 gr. Vegalaga nr.80/2007 annars vegar og á samgönguáætlunum 2011-2022 og 2011-2014 hins vegar.

Áfangaskipting framkvæmda er háð framlögum á samgönguáætlun og fjárlögum annars vegar og fjárveitingum bæjarsjóðs hins vegar og skal gera sérstakan samning árlega fyrir einstakar framkvæmdir.

Fjárveitingar í samgönguáætlun miðast við höfuðborgarsvæðið og Suðurnes og munu því skiptast á viðkomandi sveitarfélög. Meðfylgjandi tafla (dags. 26. okt. 2012/ME) sýnir áætlaða skiptingu fjárveitinga til sveitarfélaganna á árunum 2012-2014 og helstu áfanga sem stefnt er að á sama tímabili.

Til kostnaðar við gerð göngu- og hjólreiðastíga telst allur kostnaður við hönnun og nýjar framkvæmdir, en ekki verður um endurgreiðslu að ræða á fyrirliggjandi stígum. Breidd göngu- og hjólreiðastíga getur verið mismunandi eftir aðstæðum og ákvarðast á hönnunarstigi. Sérstakar aðgerðir, svo sem upphitun stíganna, greiðast að jafnaði af sveitarfélaginu.


Rekstur og viðhald stíganna greiðist af sveitarfélaginu.

Ákvarðanir varðandi verkhönnun, framkvæmdir og eftirlit með þeim verða teknar í nánu samráði beggja aðila en Hafnarfjarðarbær mun leiða þá vinnu. Nákvæm lega stíga getur breyst við endanlega hönnun frá því sem sýnt er á meðfylgjandi korti.

Aðilar eru sammála um að stefnt skuli að því að aðskilja hjólreiðar og bílaumferð á umferðarmiklum vegum þar sem umferðarhraði er að jafnaði mikill, þegar greið og örugg leið fyrir hjólreiðaumferð hefur verið frágengin.

Af samkomulagi þessu eru gerð tvö frumrit, eitt handa hvorum aðila


F.h. Hafnarfjarðarbæjar

  
Guðrún Agústa Guðmundsdóttir,  
bæjarstjóri



Hafnarfirði 3. janúar 2013

F.h. Vegagerðarinnar



  
Jónas Snæbjörnsson,  
framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Vottar:

 060247-3079  
 11176-3889

## Samgöngustígar á Suðvestursvæði greiðslufæði 2012-14



Hjóla- og göngustígaáætlun. Drög ME nóvember 2012.	Vg 2012 200 m.kr.	Vg 2013 350 m.kr	Vg 2014 200 m.kr.
<b>Mosfellsbær</b>	35.000.000	40.000.000	23.000.000
VI.vegur-Hlíðartún/Hamrafellsskógur 2012			
VI.vegur-Hlíðartún/Hamrafellsskógur 2012			
VI.vegur- Aðaltún/Langitangi 2013			
VI.vegur- við Teigahverfi 2013			
Vantar áætlun fyrir 2014			
<b>Reykjavíkurborg</b>	150.000.000	213.000.000	106.000.000
VI.vegur-Hamrafellsskógur/Bauhaus 2012			
VI.vegur- Keldnaholt 2012			
Göngu- og hjólabrýr við Geirsnef 2013			
Suðurlandsvegur frá Hlemmi að Geirsnefi 2013 *)			
Vantar áætlun fyrir 2014 ( Mjóddin er á dagskrá)			
<b>Hafnarfjörður</b>	1.050.000	15.000.000	15.000.000
Bæjarhraun milli Flatarhrauns og Hólshrauns 2013			
Hvammabraut við Kirkjugarðinn 2013			
Kaplakríki við knatthúsið 2013			
Fjarðar kaup frá Hólshrauni að Engidal 2014			
Suðurbraut frá Háholti að Byggðabraut 2014			
<b>Kópavogur</b>	10.000.000	44.000.000	25.000.000
Hafnarfjarðarvegur við Sunnuhlíð 2012 *)			
R.braut við Lindir að Mjódd í samvinnu við Rvk 2013			
Hafnarfjarðarvegur við Sæbólsbraut að Borgarholtsbraut 2013			
Vantar áætlun fyrir 2014			
<b>Seltjarnarnes</b>	1.200.000	3.000.000	2.000.000
Suðurströnd 2012			
Vantar áætlun fyrir 2013-14			
<b>Garðabær</b>		35.000.000	35.000.000
R.braut frá Álfanesvegi að Vífilisstaðavegi 2013			
Hafnarfjarðarvegur frá Arnarnesvegi að Breiðás 2014			
<b>Kjós</b>	2.000.000		
<b>Suðurnes ( Grindavík o.fl.)</b>			17.000.000
Ekki til nein áætlun 2012-2014			
<b>Samtals</b>	<b>199.250.000</b>	<b>350.000.000</b>	<b>200.000.000</b>

\*) vantar samning

merkt með bláu er fjárveiting sem er búið að lofa

Merkt með rauðu er úthlutun

JS  
JRK



Þessi lína sýnir loftmyndir og fjölskygjur á Reykjavík og umhverfi þess. Línan er byggð á málum frá 2012.  
 Línan er byggð á málum frá 2012.  
 Línan er byggð á málum frá 2012.  
 Línan er byggð á málum frá 2012.  
 Línan er byggð á málum frá 2012.

### Skýringar / Notes

Uppfylling / Information  
 - Abblíkur / Main Path  
 - Abblíkur - abblíkur / Main Path - Separated  
 - Abblíkur - mál / Main Path - Core  
 - Ferðingur - fjórir / Ferret  
 - Ferðingur / Secondary Path  
 - Ferðingur - mál / Secondary Path - Core  
 - Ferðingur - mál / Secondary Path - Core  
 - Ferðingur - mál / Secondary Path - Core  
 - Ferðingur - mál / Secondary Path - Core  
 - Ferðingur - mál / Secondary Path - Core

### Mælikvarði / Scale

0 0.5 1 1.5 2 km  
 MANNVIT 6. útgáfa, maí 2012

Loftmynd á hinni hliðinni  
 Aerial photo on the other side

JFB JS